


Samþykkt reikninga - Orlofsreglur

Orlofsreglur er tæki til þess að flytja tímabundið ábyrgð á samþykkt reikninga yfir á staðgengil/fulltrúa. t.d. á meðan samþykkjandi er í orlofi. Starfsmaður verður að gæta þess að gera þetta ÁÐUR en orlof hefst.

1. Tengjast Orra og smella á **Sjálfsafgreiðsla starfsmanna** og smella svo á **Tilkynningar**




2. Í sjálfsafgreiðslu starfsmanna er smellt á **Orlofsreglur**



3. Til þess að **Stofna Orlofsreglu** er smellt á hnappinn "Stofna reglu"



4. Í **Vörutegund** er valið „Allt“ og smelt á hnappinn „Næsta“



5. **Orlofsregla: Svar.** Skráning á orlofsreglu



- Upphafs dags.** Kerfið kemur sjálfgefið með þann dag og tíma sem Orlofsreglan er stofnuð. Hægt er að skrá dagssetningu reglu fram í tímann. t.d að hún byrji að virka 10.07.2014 00:00:00. Einnig er hægt að smella á dagatalið hægra megin við reitinn til að velja dagsetningu.
- Lokadags.** Hægt er að setja lokadags. á regluna t.d. 28.08.2014 14:34:34. Reglan hættir þá að virka 28 júlí 2014 kl. 14:34. Einnig er hægt að smella á dagatalið hægra megin við reitinn til að velja dagsetningu.
- Skilaboð.** Hægt er að setja inn skilaboð til staðgengils/fulltrúa. t.d. „Verð á Spáni í viku. Viltu samþykkja alla reikninga fyrir mig.“ Gott er að hafa skilaboð stutt og hnitmiðuð.
- Endurúthluta.** Hér er staðgengill fundinn. Valið er „Allir starfsmenn og notendur“ smelt á „stækkunarglerið“ og þá opnast leitargluggi. (Sjá mynd hér að neðan)
- Framsenda svar.** Alltaf skal haka í **Framsenda svar**. Athugið, sé regla vistuð með “Flytja tilkynningareignarhald” þá þarf að eyða henni og byrja upp á nýtt.
- Í **leitarglugga** er hægt að leita að staðgengli/fulltrúa í starfsmannalista.
- Þegar smelt er á „Apply“ er reglan vistuð. Reglan verður virk á upphafs dagsetningu.

Leita og velja: Notandi eða hlutverk

Hætta við Velja

Leita

Veldu gildi úr felllistanum, skráðu leitarorð í svæðið og smeltu á hnappinn Hefja.

Leita eftir Gunnar%Guðna%

Niðurstöður

Velja	Flýttival	Heiti	Notandanafn	Netfang
<input type="radio"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	Gunnar Guðnason,	FJS-589	gunnar.gudnason@fjs.is
<input type="radio"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	Gunnar Thomas Guðnason,	LHG-50535	gtg@lhq.is

Hætta við Velja

Leita skal eftir „Heiti“ og Smellt á hanppinn „Hefja“. Ath. að hægt er að nota % til þess að leita eftir hluta nafns t.d. slá inn Þorkell% og fá alla starfsmenn sem heita Þorkell. Þegar staðgengill er fundinn er smellt á táknid undir “Flýttival”

Athugið:

- Þegar leitað er að staðgengli er mikilvægt er réttur aðili sé valinn. Kerfið er þannig uppsett að allir starfsmenn eru sýnilegir en aðeins er mögulegt að velja starfsmenn sem tilheyra sömu stofnun. Einnig er eitthvað um alnafna í kerfinu svo sýna þarf aðgát þegar staðgengill er valinn.
- Gætið þess einnig að notendanafn og netfang sé til staðar og rétt. Ef netfang er ekki til staðar skal hafa samband við launafulltrúa stofnunar.

6. Orlofsregla tilbúin

Þegar búið er að skrá orlofsreglu birtist hún með svipuðum hætti og sést hér að neðan.

ORACLE Sjálfsafgreiðsla starfsmanna

Heim Útskráning Kostir Hjálp

Tilkynningar >

Orlofsreglur

Stofna reglu

Heiti reglu	Vörutegund	Tilkynning	Uppfæra	Eyða	Staða
Fulltrúi: Gunnar Guðnason,	<All>	<All>			Virkt

[Fara til baka í starfslista](#)

Heim Útskráning Kostir Hjálp

Yfirl. um vernd persónul. uppl. á vefsíðu Copyright (c) 2008, Oracle. All rights reserved.

7. Viðhald á orlofsreglum

Hægt er að skoða virkar orlofsreglur í verklið: **Sjálfsafgreiðslu starfsmanna > Tilkynningar** (sjá lið nr.2) og breyta þeim.

ORACLE[®] Sjálfsafgreiðsla starfsmanna Heim Útskráning Kostir Hjálp

Tilkynningar >

Orlofsreglur

Heiti reglu	Vörutegund	Tilkynning	Uppfæra	Eyða	Staða
Fultrúi: Gunnar Guðnason,	<All>	<All>			Virkt

[Fara til baka í starfslista](#)

Heim Útskráning Kostir Hjálp

Yfir. um vernd persónul. uppl. á vefsíðu Copyright (c) 2006, Oracle. All rights reserved.

- a. **Uppfæra.** Ef smellt er á „Blýantinn“ undir „Uppfæra“ er hægt að framkvæma breytingar á orlofsreglunni. t.d. breyta upph.dags, lokadags o.sfrv. (sjá bls. 11)
- b. **Eyða.** Ef smellt er á „Ruslatunnuna“ undir „Eyða“ er orlofsreglunni eytt.